

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Dalvíkur.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. mars 2017 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts og orkusatts.

### 2. gr.

Viðmiðunarhitastig samkvæmt gjaldskránni er 25°C.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. orkumæli	kr. 2,51 pr. kWst
b) Orkugjald skv. orkumæli sundlaugar	kr. 1,00 pr. kWst
c) Lokunargjald	kr. 7.170

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 1.006.000 kWst á ári er veittur 30% afsláttur af gjöldum samkvæmt gjaldskrá.

### 3. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fast gjald í forni mælaleigu, gjaldið er daggjald og er breytilegt eftir stærð mæla. Mælaleigan er sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
15 mm	34,32
20 mm	45,98
25 mm	68,48
40 mm	85,94
50 mm	107,58
65 mm	121,17
80 mm	136,75
100 mm	154,34

### 4. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m <sup>3</sup> að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 327.635,80
og á m <sup>3</sup> þar yfir	kr. 412,13
og á m fram yfir 50 m	kr. 7.170,39

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum um skráningu fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald	kr. 327.638,80
---------------------------------------	----------------

Fyrir hesthús að 700 m<sup>3</sup> skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarksheimæðagjaldi hitaveitunnar.

### 5. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2016, 131,6 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 6.584.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 1241/2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. febrúar 2017.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*